

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
Hafnarfirði.

Hafnarfirði 16.10.2020.

**Erindi: Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar frá 30.06.2020 er varðar deiliskipulag Hjallabrautar.**  
Á fundi skipulags- og byggingarráð þann 30.06.2020 var af hálfu Samfylkingarinnar lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hver er kostnaðurinn við gerð tveggja tillagna að deiliskipulagi fyrir Hjallabrautina?
2. Hver er áætlaður heildarkostnaðurinn vegna þeirra vinnu?
3. Áður en vinna við deiliskipulagið hófst hver var kostnaðaráætlunin vegna þessarar vinnu?

Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar með tilliti til aðkeyptrar þjónustu.

- 1) : Bj. Snæ slf.: 3.452.300 og Arkibúllan ehf.: 17.477.057. Samtals 20.929.357
- 2) Heildarkostaður við gerð deiliskipulags Hjallabrautar er eftirfarandi: Bj. Snæ slf. 3.452.300, Arkibúllan ehf 17.477.057, Mannvit hf. 923.288 og Batteríð 91.300. Samtals : 21.943.945
- 3) Samkvæmt tímaáætlun og hönnunarpóknunfrá apríl 2019 var kostnaðáætlun eftirfarandi:

## Hönnunarpóknun

Drög að þóknun fyrir hönnun arkitekta við verkefnið:

	Verkefnisstjóri	Arkitekt	Arkitekt BA	Líkanagerð	Tímar s.	Samt. kr.
	17.700 kr/t	15.200 kr/t	12.200 kr/t	10.500 kr/t		
Fyrsti hluti - Deiliskipulag: (8 v)	18	100	80	16	214	2.982.600
Annar hluti - Landslagshönnun: (8 v)	18	100	50		168	2.448.600
Þriðji hluti - Forteikningar: (8 v)	18	40	40	24	122	1.666.600
Fjórti hluti - Aðalteikningar: (8 v)	18	100	80		198	2.814.600
Fimmti hluti - Kynning: (4 v)	Utan tilboðs	U.t.	U.t.	U.t.	U.t.	U.t.
<b>Tímar samtals:</b>	<b>72</b>	<b>340</b>	<b>250</b>	<b>40</b>	<b>702</b>	
<b>Hönnunarpóknun samtals:</b>	<b>1.274.400,-</b>	<b>5.168.000</b>	<b>3.050.000</b>	<b>420.000</b>	<b>Alls kr.:</b>	<b>9.912.400</b>

\*verð eru án virðisaukaskatts og vísitölutengd - apríl 2019

Ekki er innfalið

- Prentkostnaður.
- Opinber gjöld.
- Íbúafundir og kynningar í ráðum og nefndum ásamt kynningarefni.
- Teikningar til frekari útskýringar og þrívíddarmyndir.
- Vinna umferðarhönnuða, landslagsarkitekts eða annarra sérfræðinga við verkefnið.

Samkvæmt þessu var gert ráð fyrir að deiliskipulagið yrði unnið út frá þeim frumhugmyndum sem kynntar voru fyrir skipulags- og byggingarráði á sínum tíma. Þjár breytingar voru gerðar á frum tillögnum samanber meðfylgjandi samantekt A arkitekta.

**Breyting A:** Bætt við bílastæðum við hús, gestastæðum og sameiginlegt hús í miðju tekið út.

**Breyting B:** Hætt við að mjókka Hjallabraut.

**Breyting C:** Óskað eftir einnar hæða einbýlishúsum að Víðistaðatúni, bílskúrum og tveimur stæðum við hvert hús.

Samtals eru 696 tímar af skipulagsvinnu A arkitekta innan ramma samnings. Viðbótar verk eru samtals 345 tímar.

Afleidd verk af þessari skipulagsvinnu er vinna Batterísins arkitekta vegna breyttra deiliskipulagsmarka. Athugun verkfræðistofunar Mannvits vegna umferðarmála við Hjallabraut og vinna við kynningargögn vegna aðalskipulagsbreytingu sem gera þurfti vegna breyttrar landnotkunar á svæðinu.

A Arkitektar fóru af verkinu.

bj.snæ Arkitektar slf. luku síðan deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Hjallabraut.

Heildar upphæðin 21.943.945 er án vsk. Virðisaukasakattur er 24%. eða 5.266.546.  
Heildar upphæð með vsk sem endurgreiðist er 27.210.491.

Pormóður Sveinsson Skipulagsfulltrúi.

Fylgiskjöl:

Samantekt A arkitekta og samantekt úr reikningsyfirliti.